

Döttblaðið

fréttabréf Félags heyrnarlausra

1. tbl. 12. árg. febrúar 2011



Samskiptamiðstöð
heyrnarlausra og heyrnarskertra
í 20 ár

Táknmálsbann
viðurkennt
sem röð mistaka

Heyrnarlausir
samkynhneigðir
í gleðigöngu

Norrænt mót
unglinga
á Íslandi

- 2 Formannspistill
- 3 Pistill framkvæmdastjóra
- 4 Hvernig varð Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra til?
- 6 Ávarp Valgerðar Stefánsdóttur á afmæli Samskiptamiðstöðvar þann 31. desember 2010
- 7 Íslenskir fulltrúar til aðalfundarins EUDY
- 9 Tuttugu ára afmælisveisla Samskiptamiðstöðvar
- 12 Táknmálsbann viðurkennt sem röð mistaka
- 13 Ríkisstjórn Íslands viðurkennir táknmál
- 14 Er heyrnarlaus manneskja nógu frjáls eða ekki?
- 16 Döff sagnahefð
- 17 Norrænt unglíngamót á Hvolsvelli
- 19 Dagur heyrnarlausra heppnaðist vel
- 21 Staða heyrnarlausra innflytjenda á Íslandi
- 23 Norræn fundur um málefni aldraðra í Svíþjóð
- 25 Norræn menningarhátíð 2010 í Stokkhólmi
- 26 Heyrnarlausir samkynhneigðir í gleðigöngu
- 29 Tryggingastofnun: Lífeyrishringur
- 30 Jóladaatal Sprotanna á táknmáli í fyrsta sinn

Formannspistill



LÍÐSMYND: ARTURAS KUKLIS

Heiðís Dögg Eiríksdóttir, formaður Félags heyrnarlausra.

Döffblaðið - Fréttabréf Félags heyrnarlausra
1. tölublað - 12. árgangur - febrúar 2011

Útgefandi: Félag heyrnarlausra,
Grensásvegi 50, 108 Reykjavík.
Sími: 561 3560, fax: 561 3567.

Netfang: deaf@deaf.is, veffang: www.deaf.is

Ábyrgðarmaður: Heiðís Dögg Eiríksdóttir.

Ritstjóri: Kristinn Jón Bjarnason.

Prófarkalestur: Anney Þórunn Þorvaldsdóttir.

Auglýsingastjóri: Þröstur Friðþjófsson

Umbrot: Kristinn Jón Bjarnason.

Hönnun á forsíðu: Vilhjálmur G. Vilhjálmsson.

Prentun: Litróf.

Ljósmyndir: Adam Skrzyszewski, Arturas Kuklis, Hanna Kristín Jónsdóttir, Kolbrún Völkudóttir, Kristinn Jón Bjarnason, Sólrún Jónsdóttir, Trausti Jóhannesson og aðrar aðsendar myndir.

Stjórn Félags heyrnarlausra: Heiðís Dögg Eiríksdóttir, formaður, Guðmundur Ingason, varaformaður, Gunnar Jónsson, Hjördís Anna Haraldsdóttir og Magnús Sverrisson.

Framkvæmdastjóri: Daði Hreinsson.

Upplag: 1.200 eintök.

ISSN: 1670-6013.



Myndin á forsíðu er frá 20 ára afmæli Samskiptamiðstöðvar þar sem afmælisgestir taka undir í söng. Myndina tók Sóla.

Nú er árið 2011 gengið í garð. Með nýju ári má takast á við nýjar áskoranir og ný markmið. Stjórn Félags heyrnarlausra hélt vinnufund einn laugardag á nýju ári. Ákveðið var að fræðsla, þekking og vitundarvakning verði eitt af forgangsverkefnum Félags heyrnarlausra árið 2011 ásamt mörgu öðru sem lagt var fyrir á aðalfundi 2010.

Áætlað er að vinnu hjá framkvæmdanefnd um málefni Döff muni ljúka í mars á þessu ári. Ástæða fyrir töfni er að gríðarleg mikil vinna liggur á bakvið þessa vinnu og var það séð að ekki tækist að ljúka þessu fyrir jól. Nefndin hittist einu sinni í viku þar sem farið er yfir skjalið og unnið með tillögum sem hafa mótast í gegnum tíðina úr ýmsum áttum. Að lokinni þeirri vinnu mun tillagan síðan vera lögð fyrir ríkisstjórnina og er það von okkar að hún fái samþykki þar.

Það er mér mikil ánægja að frumvarp um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls var samþykkt á fundi ríkisstjórnar 1. febrúar. Er það mín von að frumvarpið fái nú að fara í gegn hnökralaust og þingið samþykki það. Margra ára baráttu Félagsins og félagsmanna í viðurkenningu á tákn máli mun ljúka en baráttunni er þó ekki endanlega lokið. Okkur ber síðan að fylgjast með að þetta fari í gegnum kerfið og samfélagið. Á fundum mínum erlendis á vegum félagsins hafa formenn ítrekað að eftir viðurkenningu tákn málsins taki við mikil vinna við að gæta hagsmuna þess.

Lengi lifi tákn málið !

Heiðís Dögg Eiríksdóttur

Pistill framkvæmdastjóra



Daði Hreinsson, framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra.

Eftir Daða Hreinsson

Félag heyrnarlausra var stofnað fyrir 51 ári síðan. Fyrst stóð félagið fyrir því að halda utan um félagsstarf fyrir heyrnarlausra en þegar samstarf félagsins hófst við norræn samtök heyrnarlausra á áttunda áratugnum, snerist starfsemi félagsins meira um hagsmuna- og réttindabaráttu heyrnarlausra. Helstu baráttuverkefni svo til frá upphafi, eins og viðurkenning táknaðs sem móðurmáls heyrnarlausra gætu verið að skila sér á næstunni, a.m.k. er það von okkar starfsfólks, stjórnar og félagsmanna Félags heyrnarlausra. Svo

til athugasemdaleust hafa verið samþykktar breytingartillögur frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra í skýrslu til „Laga um íslenska tungu og íslenskt táknað“, þar sem skerptar voru áherslur með því sjónarmiði að skýra betur þarfir heyrnarlausra Íslendinga að fá táknaðið sem sitt móðurmál. Frumvarpið verður vonandi lagt fyrir þingið nú í febrúar til frekari meðferðar. Í 17 síðna vinnuþlaggi sem núverandi ríkisstjórn lagði fram þegar hún tók við völdum er getið að viðurkenna skuli táknaðið á núverandi kjörtímabili ríkisstjórnarinnar. Bæði skýrslan og loforð ríkisstjórnarinnar ætti að

tryggja það að heyrnarlausir fái sitt táknað viðurkennt fljótlega og mun Félag heyrnarlausra standa vaktina til að tryggja það að menn sofni ekki á verðinum í því ferli sem tekur að fá lagafrumvörp í gegn.

Lög um textun á íslensku efni í sjónvarpi er annað mikilvægt baráttumál, en við teljum rétt að taka þann slag með fleiri hagsmunaaðilum sem þurfa textun í sjónvarpi. Ef við miðum okkur við danska rannsókn sem var gerð fyrir fáum árum er talið að allt að 15% landsmanna glími við það mikla heyrnarskerðingu að þeir eigi erfitt með að fylgjast með sjónvarpi án textunar. Ef við yfirferum þetta á íslenskan mælikvarða þýðir það að hátt í 50 þúsund manns heyrir illa við eðlilegar kringumstæður. Slaginn þurfum við að taka með landsambandi eldri borgara, félaginu Heyrnarhjálp og jafnvel Alþjóðahúsi sem myndi fagna því að íslenskt efni yrði textað til að bæta íslenskukunnáttu þeirra fjölmörgu útlendinga sem hér búa.

Framkvæmdanefndin sem vinnur að undirbúningi þjónustu- og þekkingamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra er búin að vinna mikið og erfitt starf í þarfagreiningu á þeirri þjónustu sem væntanleg miðstöð á að gegna. Skýrslu um miðstöðina sem átti að liggja fyrir í maí í fyrra hefur verið frestað í tvígang vegna umfangs málsins. Næsta dagsetning er í mars en ekki kæmi á óvart ef frekari tafir yrðu þar sem enn er margt óunnið í þessu gríðarlega mikilvæga máli í heildarþjónustu á málefnum heyrnarlausra. Betra er að fresta skýrsluskilum og vanda til verksins þannig að allir þættir þjónustunnar

séu skýrir og hvert skuli vera hlutverk hinnar þörfu þjónustu og þekkingarmiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Varðandi innviði okkar félags þá er staðan góð og það frábæra og reynslumikla starfsfólk sem félagið býr yfir reynir ávallt að gera betur í dag en í gær, þó svo ekki allir vilji sjá það. Hér ríkir mikið gegnsæi í okkar starfi og kappkostum við að halda slíku áfram auk þess sem hlutverk okkar sem hagsmunafélag heyrnarlausra skili sér vel. Mörg mikilvæg mál eru í góðum farvegi sem fylgja þarf eftir. Auk þess að tryggja áfram þá þjónustu sem félagið stendur fyrir þó svo tímarnir séu erfiðir í þjóðfélaginu þá höfum við og munum halda háu þjónustustigi.

Á árinu 2011 verður stefna félagsstarfs félagsins að fjölga fyrirlesturum, bæði innlendra og erlendra aðila til að auka fjölbreytni í þjónustu til félagsmanna, enda býður sú frábæra aðstaða sem við höfum upp á slíkt. Deildarstarfið er að koma sterkt inn þannig að ég lít björtum augum á félagsstarfið sem býður fólksins okkar á komandi ári.

Að lokum vil ég enn og aftur þakka gott samstarf við stjórn félagsins sem hefur skilað sér í félagslega og fjárhagslega sterku félagi við besta húsakost sem félagið hefur nokkru sinni átt. En það má alltaf gera betur og það er markmið okkar sem að félaginu koma í daglegum rekstri.

Hvernig varð Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra til?



Frá kaffisamsætinu með menntamálaráðherra þann 10. janúar 1991.

Eftir Kristinn Jón Bjarnason

Mikilvægur áfangi var stiginn í réttindamálum heyrnarlausra og heyrnarskertra þegar lög um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra öðluðust gildi fyrir tuttugu árum. Samskiptamiðstöðin er fyrsta og eina stofnun sinnar tegundar hér á landi. Markmið laganna var að stuðla að því að heyrnarlaus fólk fengi þjónustu í samfélaginu á táknmáli.

Áður en Samskiptamiðstöðin tók til starfa höfðu heyrnarlausir eða táknmálastalandi ekki fengið þjónustu á sínu máli í þjóðfélaginu. Engar rannsóknir voru stundaðar á íslenska tákmalinu og lítið var vitað um það. Engin markviss námskeið í táknmáli voru haldin hérlandis og ekki voru

menntaðir táknmálastúlkur starfandi. Hvergi var unnið markvisst að námsefnisgerð í táknmáli. Þá var mikil umræða um að nauðsynlegt væri að viðurkenna táknmál sem móðurmál heyrnarlausra á þessum tíma.

Félag heyrnarlausra hélt Norræna menningarhátíð heyrnarlausra 1986 í Reykjavík. Til þess að halda menningarhátíðina urðu að vera til íslenskir túlkur en á þessum tíma var engin táknmálastúlkur starfandi. Félag heyrnarlausra stóð því fyrir túlkanámi veturinn 1985-1986 og í kjölfarið komu fram á sjónvarsviðið fyrstu fjórir íslensku táknmálastúlkarnir. Þessi menningarhátíð braut blað í sögu heyrnarlausra á Íslandi því að opinberir atburðir voru þá túlkaðir á táknmál í fyrsta skipti. Árið 1986 notuðu

heyrnarlausir einstaklingar táknmálastúlkun í fyrsta sinn í framhaldsnámi í Proskapjálfaskóla Íslands og lönskólanum. Heyrnarlausir nemendur gátu þá fylgst með í skóla eins og heyrandi nemendur.

En hvað varð til þess að Samskiptamiðstöð var stofnuð? Júlía G. Hreinsdóttir, nemandi Proskapjálfaskóla Íslands, og Valgerður Stefánsdóttir táknmálastúlkur byrjuðu að kenna táknmál sem kjörsvið nemenda í Proskapjálfaskóla veturinn 1988 til 1989. Bryndís Víglundsdóttir, skólastjóri Proskapjálfaskólans, fékk forstöðumann Samskiptamiðstöðvarinnar í Danmörku og aðal táknmálskenningarann til þess að kenna þeim hvernig það væri gert. Haukur Vilhjálmsson þáverandi formaður Félags heyrnarlausra ræddi við Asger Bergmann frá Samskiptamiðstöðinni í Danmörku þegar hann var að kenna í Proskapjálfaskólanum og fékk nokkur góð ráð varðandi stofnun Samskiptamiðstöðvar. Á þessum tíma var Asger líka formaður Landssambands heyrnarlausra.

Fljótlega eftir það eða 22. apríl 1989, hélt Félag heyrnarlausra ráðstefnu um málefni heyrnarlausra en fjölmargir sóttu þá ráðstefnu. Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra talaði meðal annars þar sem hún kynnti hugmyndir um úrbætur í málefnum heyrnarlausra. Á ráðstefnunni var kynnt starfsáætlun Félags heyrnarlausra næstu fimm árin, þar sem áhersla var lögð á táknmál og táknmálastúlkun. Þá var sérstakur gestafyrirlesari ásamt túlk frá Samskiptamiðstöð

í Danmörku, þar sem hún kynnti starfsemi Samskiptamiðstöðvar, þróun Samskiptamiðstöðvar, tákmalrannsóknir, námsefnisgerð og fleira.

Bryndís Víglundsdóttir studdi ásamt fleiri aðilum þá hugmynd að stofnuð yrði Samskiptamiðstöð hér á landi í mynd þeirrar dönsku. Á árinu 1988 höfðu Bryndís Víglundsdóttir, Júlía G. Hreinsdóttir, Valgerður Stefánsdóttir, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, Haukur Vilhjálmsson og aðrir fulltrúar svo sem frá foreldafélaginu myndað vinnuhóp til undirbúnings að SHH. Berglind Stefánsdóttir kom svo í nefndina síðar, nýkomin úr námi. Þessi hópur barðist fyrir því að koma á fót Samskiptamiðstöð og sóttu ýmsa fundi vegna þess.

Helsta baráttumál Félags heyrnarlausra á þessum tíma var baráttan fyrir stofnun Samskiptamiðstöðvar, þar sem sú stöð átti að vera lykill að öllu er viðkemur samskiptum heyrnarlausra við heyrandi heim.

Vorið 1989 skipaði menntamálaráðherra nefnd sem í voru þrír starfsmenn; úr félagsmálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og menntamálaráðuneyti. Nefndin átti að semja drög að reglugerð um starfsemi Samskiptamiðstöðvar sem var skilað í september 1989. Þá var lagt til að Samskiptamiðstöðin myndi heyra undir félagsmálaráðuneyti skv. lögum um málefni fatlaðra.

Bæði Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra og Svavar Gestsson menntamálaráðherra vildu að Samskiptamiðstöðin væri undir þeirra ráðuneyti. Það má því segja að á þessum tíma hafi félagið mætt velvild stjórnvalda um stofnun Samskiptamiðstöðvar þó



Gestir á kaffisamsætinu 10. janúar 1991 fá sér kaffi.



Haukur Vilhjálmsson, þáverandi formaður Félags heyrnarlausra heldur ræðu á kaffisamsætinu þann 10. janúar 1991.

baráttan fyrir því væri ekki jafn auðveld.

Fleiri umsagnaraðilar studdu og lögðu til að Samskiptamiðstöð tilheyrði frekar menntamálaráðuneytinu, þar sem hlutverk hennar væri fyrst og fremst tengt menntunarmálum, t.d. kennsla, túlkun og rannsóknir. Á þetta sjónarmið var fallist en þessar vangaveltur töfðu þó framgang mála, þ.e. að Samskiptamiðstöð ætti stöð í lögum um málefni fatlaðra en ætti að heyrja undir menntamálaráðuneyti. Þegar upp var staðið og leið á árið 1990 kom í ljós að það var erfitt, ef ekki óframkvæmanlegt. Þá leitaði menntamálaráðherra enn leiða til að koma þessari stofnun á laggirnar án þess að setja um hana sérstök lög, þ.e. að hún yrði í raun og veru starfrækt á grundvelli reglugerðar.

Þannig fór að nýtt stjórnarfrumvarp var lagt fram af Svavari Gestssyni menntamálaráðherra um stofnun Samskiptamiðstöðvar á Alþingi í staðinn fyrir reglugerð. Menntamálanefnd Alþingis fékk málið til umfjöllunar. Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um málið

Guðrúnu Ágústsdóttur, aðstoðarmann menntamálaráðherra, Hauk Vilhjálmsson og Sigurlín Margrétu Sigurðardóttur frá Félagi heyrnarlausra, Gunnar Salvarsson, þáverandi skólastjóra Heyrnleysingjaskólans, Helga Seljan og Ásgerði Ingimarsdóttur frá Öryrkjabandalaginu, Bryndísi Víglundsdóttur, þáverandi skólastjóra Þroskaþjálfaskólans, og Valgerði Stefánsdóttur táknmálistúlk. Nefndin mælti með samþykkt frumvarpsins. Menntamálaráðherra fylgdi fast eftir að frumvarpið yrði að lögum fyrir áramót 1990. Þetta verðuga mál átti greiða leið í gegnum báðar deildir þingsins.

Svo fór að lög um Samskiptamiðstöð voru samþykkt á Alþingi þann 21. desember 1990 og skrifað var undir á Bessastöðum á gamlársdag kl. 14.00 árið 1990 en sá dagur mun seint fara úr minni heyrnarlausra. Það má segja að þetta hafi verið fyrsta opinbera viðurkenningin á íslensku táknmáli. Þar með var stórum áfanga í baráttumálum heyrnarlausra náð. Allir sem fylgst höfðu með þessu máli, heyrnarlausir

og foreldrar, jafnt sem áhugamenn fögnuðu af heilum hug að nú loks hafi þetta baráttumál náð fram að ganga.

Á fundi sem Haukur Vilhjálmsson og Sigurlín Margrétu Sigurðardóttir í Félagi heyrnarlausra áttu með Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra skömmu eftir stofnun Samskiptamiðstöðvar kom fram að hún var ósátt við að Samskiptamiðstöðin heyrði undir menntamálaráðuneytið en ekki félagsmálaráðuneytið. Hún sýndi þessu þó meiri skilning þegar útskýrt var fyrir henni afhverju þessi ákvörðun hefði verið tekin.

Svavar Gestsson þáverandi menntamálaráðherra bauð til kaffisamsætis 10. janúar 1991. Margir komu til að fagna og gleðjast. Menntamálaráðherra sagði að þetta væri eitt hið ánægjulegasta sem komist hefði í höfn á hans ráðherratið og það væri menntamálaráðuneytinu sem slíku sannarlega heiður að mega eiga þessa stofnun innan sinna vébanda. Haukur Vilhjálmsson og Sigurlín Margrétu Sigurðardóttir frá Félagi heyrnarlausra færðu ráðherra bókina

Saga heyrnarlausra að gjöf. Einnig færðu þau Bryndísi, Berglindi, Júlíu og Valgerði blómvönd sem þakklætisvott fyrir þátt þeirra í baráttunni fyrir Samskiptamiðstöðinni. Málefni heyrnarlausra á þessum tíma voru undir þrem ráðuneytum og þess vegna voru stjórnarmenn stofnunarinnar tilnefndir af öllum þessum þremur ráðuneytum, auk Félags heyrnarlausra og Foreldra- og styrktarfélags heyrnarðafrá. Svavar Gestsson tilkynnti um leið hver yrði fyrsti formaður stjórnar Samskiptamiðstöðvarinnar sem var jafnframt fulltrúi menntamálaráðuneytis, en það var Berglind Stefánsdóttir, táknmáls og myndmenntakennari sem var ein þeirra sem hafði barist fyrir því að Samskiptamiðstöðinni yrði komið á fót. Var því vali vel fagnað af heyrnarlausum sem heyrandi. Þá voru tveir af fimm stjórnarmönnum í Samskiptamiðstöð fulltrúar frá samfélagi heyrnarlausra sem var mikill árangur af baráttu félagsins á þessum tíma. Jafnframt var forstöðumaður skipaður til fimm ára og var staða forstöðumanns auglýst. Valgerður Stefánsdóttir hlaut stöðuna og hefur hún gegnt henni frá upphafi.

Ávarp Valgerðar Stefánsdóttur á afmæli Samskiptamiðstöðvar þann 31. desember 2010

Það voru mikil tímamót fyrir íslenska táknmálið þegar Lög um Samskiptamiðstöð voru undirrituð á Bessastöðum fyrir 18 árum og fyrsta opinbera viðurkenningin á íslensku táknmáli. Markmið laganna var að stuðla að því að heyrnarlaus fólk fengi þjónustu í samfélaginu á táknmáli.

Í upphafi var ég eini starfsmaðurinn en í mars byrjaði Júlía G. Hreinsdóttir að vinna sem táknaáskennari og ráðgjafi, Berglind Stefánsdóttir bættist við um vorið og Þórey Torfadóttir var ráðin í hálfá stöðu tólks um haustið.

Á þessum tíma voru Döff einstaklingar ekki þátttakendur í íslensku þjóðfélagi. Til þess að skilja það betur voru túlkaðir tímar á vegum túlkaþjónustu Shh 176 fyrsta árið fyrir 8 einstaklinga en á þessu ári 2010 voru túlkaðir yfir 10 þúsund tímar fyrir 170 einstaklinga. Það er því tæplega fimmtíu og sjöföldun.

Lítið var vitað um íslenska táknaáskennari þegar við vorum að byrja. Hvergi var boðið upp á reglulega táknaáskennslu, menntun fyrir táknaáskennara, kennara eða táknaáskennara og engin námsefnisgerð var

í táknaáskennari. Þetta þýddi auðvitað að foreldrar heyrnarlausra og kennarar, og aðrir sem áttu að koma börnunum til þroska gátu hvergi lært táknaáskennari.

Fyrstu árin fór mikill hluti vinnunnar í að auka skilning á mikilvægi táknaáskennarsins í uppeldi og menntun heyrnarlausra. - Ekki minnst fór tíminn í að upplýsa fólk um að það væri eðlilegt að heyrnarlausir sjálfir ættu að hafa áhrif á ákvarðanir sem vörðudu þá. Þar af leiðandi þyrfti að gera ráð fyrir túlkaþjónustu þegar talað væri við heyrnarlausra eða málefni heyrnarlausra væru til umfjöllunar.

Nánast alls staðar þurfti að byrja á byrjunarreit. Gott dæmi er túlkaáskennarinn, sem var stærsta verkefnið á fyrstu árunum. Hefja varð rannsóknir á táknaáskennari, til þess að geta samið námsefni, mennta þurfti táknaáskennara og semja við háskólann um að bjóða tilraunánám í táknaáskennari og túlkun og ekki síst að búa til námið og námsefnið nánast eins og það lagði sig. Námið hófst 1994 og lauk 1998. Það var að öllu leyti greitt af Samskiptamiðstöð og allir kennararnir komu frá stöðinni. Alls luku 52 nemendur prófi í einhverjum námskeiðum greinarinnar. Sumir urðu táknaáskennara aðrir luku BA eða B Ed prófi með táknaáskennari sem aðal- eða aukagrein.



LÍOSMÝND: SÓLARÚN JÓNSDÓTTIR (SÓLAR)

Valgerður Stefánsdóttir, forstöðumaður Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskerta heldur afmælisræðu. Auður Sigurðardóttir, táknaáskennari til hægri.

Árið 2000 tók Háskóli Íslands síðan við greininni og sér nú um að vinna að rannsóknum á málfræði táknaáskennars, mennta táknaáskennara og fræðimenn á sviði táknaáskennarsrannsókna. Samvinna Háskólans og Samskiptamiðstöðvar við kennslu og rannsóknir er áfram góð og nán. Með stofnun Rannsóknarstofu í táknaáskennarsfræðum hefur samstarfsvettvangur Háskólans og Samskiptamiðstöðvar nú verið gerður formlegur en á fundi málvísindastofnunar þann 16. desember 2010 var sú stofa einróma samþykkt.

Þótt þörfin fyrir túlka hafi í upphafi verið sýnilegasta ástæðan fyrir stofnun Samskiptamiðstöðvar var uppbygging á táknaáskennarsmumhverfi í kringum þau heyrnarlaus börn sem fæðast, og táknaáskennarskennsla fyrir fjölskyldur heyrnarlausra barna að öllum líkindum lang mikilvægasta verkefnið. Á stöðinni eru haldin táknaáskennarsnámskeið fyrir fjölskyldur heyrnarlausra, almenning, stofnanir og fyrirtæki, leikskóla og skóla og fyrir alla þá sem áhuga hafa á því að læra táknaáskennari. Þá er framleitt efni til þess

að styðja máltöku barna og einnig annað menningarefni og námsefni.

Jafnhliða vinnunni í þessum verkefnum hafa farið fram rannsóknir. Auk margra minni rannsókna hafa tvær stórar rannsóknir verið unnar. Önnur er rannsókn á málsamfélagi heyrnarlausra og samskiptum þess við íslenskt samfélag. Hin er rannsókn á málþroska barna með táknaáskennarsvívunni. Nú er að hefjast stórt orðabókarverkefni, sem er tvímála orðabók á milli táknaáskennars og íslensku og vinna við gerð kennslubókar í málfræði íslensku táknaáskennarsins.

Margt hefur gerst á 20 árum. Sérstaklega hefur menntun heyrnarlausra eflst. Nú hafa t.d. 11 heyrnarlausir einstaklingar lokið BA prófi og einn mastersprófi og 2 til viðbótar eru við nám, heyrnarlaus þingmaður hefur setið á Alþingi og heyrnarlausir taka nú mun virkari þátt í samfélaginu.

Dýrmætasti ávöxturinn sem starfsemi Samskiptamiðstöðvarinnar hefur borið er þó ef til vill sú þekking sem hefur fengist í gegnum rannsóknir, samskipti við fólk sem við þjónum, samvinna við íslenskar og erlendar

Íslenskir fulltrúar til aðalfundsins EUDY

Texti: Gunnar Jónsson



Hanna Kristín Jónsdóttir og Gunnar Jónsson á EUDY fundinum.

Hönnu Kristínu Jónsdóttur, formanni Puttalinga, fannst nauðsynlegt að senda íslenskan fulltrúa fyrir Íslands hönd á aðalfund Evrópubandalags ungmenna heyrnarlausra, EUDY GA, 16. – 18. júlí 2010 í Lausanne í Sviss. Niðurstaðan var að hún fór sjálf ásamt mér, Gunnari Snæ Jónssyni. En afhverju er nauðsynlegt að taka þátt í svona fundi? Jú, Félag heyrnarlausra hefur ekki sent neina fulltrúa til EUDY GA síðan Hjördís Anna og Heiðdís Dögg voru í stjórn Puttalinga og fóru árið 2004. Að mínu mati er nauðsynlegt að senda íslenska fulltrúa til fundarins svo við getum fylgst með hvað er að gerast hjá heyrnarlausum félögum í Evrópu og gera samanburð við stöðu okkar á Íslandi.

Áður en aðalfundurinn hófst var haldið EUDY-mót fyrir ungt fólk á aldrinum 18 til 30 ára. Íslendingar tóku þó ekki þátt í mótinu því það var á svipuðum tíma og æskulýðsmótið í Leksand í Svíþjóð þar sem 5-6 Íslendingar tóku þátt. Aðalfundurinn tók 2 daga því það var fullt af málefnum sem þurfti að ræða, auk upplýsinga um næstu mót í Evrópu. Það komu 2 fulltrúar frá hverju landi á fundinn og auk þess komu áhorfendur sem höfðu ekki kosningarétt. Jenny Nilson frá Svíþjóð hafði verið formaður EUDY í 3 ár, en sagði af sér stöðunni. Philippa Merricks frá Englandi, sem var í stjórn, bauð sig fram í staðinn og verður hún formaður EUDY í eitt ár.

Næsta unglíngamót verður í París, Frakklandi í byrjun júlí 2011 og æskulýðsmót í Bosnía 2012. Fulltrúi frá Bosnía kom með tillögu um að taka við mótinu en það verður ekki staðfest fyrr en á næsta fundi í Madrid 2011.

Reynsla mín í EUDY fundinum var gríðarlega góð. Ég fékk tækifæri til að sjá hvernig fólk heldur fundi í Evrópu og kynnast nýju fólk frá öðrum löndum. Þetta jók einnig víðsýni mína og styrkti sjálfmynd mína sem heyrnarlaus einstaklingur. Ég hvet fólk að vera í stjórn Puttalinga, því það er góð reynsla að mínu mati.

stofnanir og háskóla. Þessari þekkingu getum við miðlað og hún getur staðið sem grunnur að þeirri menntun sem nauðsynleg er til þess að heyrnarlausir geti fengið þjónustu sem víðast í þjóðfélaginu á grundvelli táknaþátttöku.

Samskiptamiðstöðin hefur verið farsæl stofnun. Við lítum á Samskiptamiðstöð sem vel heppna stofnun. Í smáu og stóru fer alltaf allt á besta veg hjá okkur. Starfsfólkið sem vinnur hérna er eitt af stóru dæmunum um heppni og velgengni stofnunarinnar. Það er einvalið með mikla og góða reynslu enda hefur starfsmannaveita verið lítil hér.

Vagga Samskiptamiðstöðvarinnar var í Þroskaþjálfaskóla Íslands. Bryndís Víglunds dóttir skólustjóri ÞSÍ studdi okkur Júlíu, sem þá var nemandi við skólann og ég táknaþátttökur, til að kenna táknaþátttök sem kjörsvið nemenda í skólanum og fékk forstöðumann Samskiptamiðstöðvarinnar í Danmörku og aðal táknaþátttökennarann til þess að kenna okkur hvernig það væri gert. Hún studdi okkur síðan áfram ásamt fleiri aðilum til þess að tala fyrir því að stofnuð yrði Samskiptamiðstöð hér á landi í mynd þeirrar dönsku. Og hér

erum við. Eitt af stóru samstarfsverkefnum okkar undanfarin fimm ár hefur verið vinna með ÞSÍ eða Þróunarsamvinnustofnun Íslands og það fólst í því að forstöðumaðurinn héðan og aðal táknaþátttökennarinn fóru til Namibíu að vinna að uppbyggingu á þjónustu við heyrnarlausra og að kenna þeim að kenna táknaþátttök og túlkun. Núna eru Namibíumenn búnir að stofna Samskiptamiðstöð í mynd þeirrar íslensku. Von okkar er að þetta gangi áfram og að Samskiptamiðstöðin í Namibíu fari næst til Zimbabe eða Malavi og kenni þeim að kenna táknaþátttök og þannig leiði gott af góðu eins og vera ber.

Nú er nefnd að störfum sem vinna á tillögur að þjónustu við heyrnarlaust og heyrnarskert fólk en til viðbótar við táknaþátttök þjónustu Samskiptamiðstöðvar hefur sérhæfða félagslega þjónustu við hópinn vantað. Þegar tillaga er komin fram vona ég að heppni Shh fylgi þjónustunni og að tryggt verði að sú staða sem táknaþátttök hefur náð á undanförunum áratugum haldi áfram að styrkjast og eflast.



Fyrstu nemendur í táknaþátttökfræðum í Háskóla Íslands haustið 2004.



Alcoa Fjarðaál



DURACELL



LOGOS
REYKJAVÍK LONDON COPENHAGEN



Virðing Réttlæti



Tuttugu ára afmælisveisla Samskiptamiðstöðvar

Myndir: Sólrún Jónsdóttir (Sóla)

Samskiptamiðstöðin fagnaði 20 ára afmæli sínu á gamlársdag. Margir góðir gestir komu á Samskiptamiðstöðina og glöddust með starfslíðinu á þessum tímamótum. Hér á síðunni eru nokkrar svipmyndir frá afmæli Samskiptamiðstöðvarinnar.



Júlia G. Hreinsdóttir, fagstjóri Samskiptamiðstöðvar, tók að sér veislustjórn



Tjáning í raddmáli og táknmáli. F.v; Jakob Frímann Magnússon, Ragnhildur Gísladóttir og Hulda Halldórsdóttir



Heiðís D. Eiríksdóttir formaður Félags heyrnarlausra færir Samskiptamiðstöðinni gjöf frá félaginu. Valgerður Stefánsdóttir, forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar, tekur við gjöfnni.



Gestir taka undir ræðu Valgerðar Stefánsdóttir, forstöðumanns, með því að segja Samskiptamiðstöð á táknmáli.



Frá vinstri; Anney Þórunn Þorvaldsdóttir og Arnþrúður Jónsdóttir, starfsmenn Samskiptamiðstöðvar.



Táknmálsbann viðurkennt sem röð mistaka

Eftir Kristinn Jón
Bjarnason

Í dag njóta heyrnarlausir ekki að fullu sömu réttinda og heyrandi í samfélaginu. Allt fram til loka ársins 1880 var táknmál mjög öflugt víða um heim, í skólum, þar sem heyrnarlausir fengu menntun á táknmáli og staða heyrnarlausra var almennt góð fyrir framtíðina. Heyrnarlausir voru viðurkenndir og oft með iðnmenntun eða kennaramenntun

Árið 1880 var haldin heimsráðstefna í Milánó á Ítalíu um kennslu heyrnarlausra og varð þessi ráðstefna afdrifarík fyrir heyrnarlausa um allan heim. Á ráðstefnunni var notkun táknmáls talin skaðleg raddmótun og vitsmunapróska heyrnarlausra. Samþykkt var að banna notkun táknmáls í kennslu heyrnarlausra og var lagt á ráðin hvernig hægt væri að útrýma því. Í staðinn skyldu heyrnarlausir öðlast menntun og fræðslu gegnum raddmál eingöngu.

Það má segja að þeir sem voru heyrandi og sem aðhylltust hina svokölluðu talmálstefnu hafi unnið sigur á ráðstefnunni í Milánó 1880, með því að banna táknmál í skólum heyrnarlausra víðsvegar í heiminum. Með talmálstefnu eða oralstefnunni var átt við að heyrnarlausum skyldi gert að læra að lesa af vörum og urðu að gera sig skiljanlega á raddmáli, sem gerði þá oftast en ekki „öðruvísi“ og því voru þeir stundum stimplaðir þroskaheftir.

Þegar þessi ákvörðun var tekin var kennt á táknmáli í skólum víða um heim og þar voru starfandi heyrnarlausir

kennarar. Þegar bannið tók gildi voru heyrnarlausir kennarar reknir úr skólunum og aðeins heyrandi kennarar skyldu kenna heyrnarlausum börnum. Allt var gert til að koma í veg fyrir að heyrnarlausir notuðu táknmál. Þessi „talmálstefna“ barst einnig til Íslands, að vísu nokkru seinna en til annarra Evrópulanda. Stefnunni var fylgt í þaula víðast hvar í heiminum með þeirri mismunun og félagslegu einangrun sem hægt er að sjá í hendi sér að fylgi.

Í áratugi var talmálstefna í Heyrnleysingjaskólanum. Það eru nokkur þekkt dæmi um heimili þar sem heyrnarlaust barn úr Heyrnleysingjaskólanum átti annan heyrnarlausan meðlim í fjölskyldunni. Þá var foreldrum þeirra brýnt af yfirvöldum skólans um að ekki ætti að tala táknmál á heimilinu, heldur talmál eða nota varalestur. Þannig hafði barnið takmarkaða möguleika á að skilja hvað var að gerast í kringum það og varð enn frekar einangrað. Það myndi hljóma einkennilega ef þetta ætti sér stað í dag.

Talmálstefnan var ekki sett af mannvöngu heldur þekkingarleysi. Táknmálið var ekki álitid mál og enginn kunni það nema heyrnarlausir. Afleiðingin var útilokun þeirra frá þátttöku í samfélaginu og þar með menningu og almennri menntun. Talmálstefnan leiddi til lágrar félagslegrar stöðu og kúgunar táknmálstalandi fólks hérlandis og víðar annars staðar í heiminum.

Afleiðingar talmálstefnunnar urðu þær að heyrnarlausir urðu ómenntaðir og einangraðir



LÍÓSMYND: KOLBRUN VÖLKUDÓTTIR

innan samfélaga. Möguleikar þessa hóps til menntunar og þroska var markvisst tekin frá þeim og varð hópurinn algjörlega réttindalaus í samfélaginu. Eftir 100 ára tímabil kunnu foreldrar, kennarar og aðrir sem koma áttu heyrnarlausum börnum til þroska ekki táknmál og viðhorfið var almennt að táknmál væri ekki fullgilt mál. Miklu alvarlegra var þó að sumir heyrnarlausir trúðu því að táknmál væri ekki alvöru mál.

Stefna talmálssinna kom í veg fyrir að heyrnarlaus börn fengju málumhverfi og tækifæri til að þroskast á eðlilegan hátt í samskiptum við heyrnarlaus börn og fulloröna. Kúgun gegn heyrnarlausum, aðskilnaður eldri nemenda frá yngri og fordómar gegn táknmáli komu í veg fyrir að heyrnarlaus börn hefðu málfrímyndir.

Mikil áhersla var lögð á

að kenna heyrnarlausum börnum að tala og afneitun á táknmálinu var á kostnað almenns þroska og menntunar sem kom m.a. fram í seinum málþroska og ólæsi. Heyrnarlausir lærðu ekki fullkomlega sitt eigið mál, táknmál, og gátu þar af leiðandi ekki tileinkað sér t.d. íslensku. Engum mundi detta í hug að kenna íslensku barni að lesa ensku fyrr en það væri orðið læst á íslensku. Um allan heim hafa skólar fyrir heyrnarlausa útskrifað ólæsa nemendur í mörg ár. Ólæsi meðal heyrnarlausra er bein afleiðing talmálstefnunnar en forsenda þess að heyrnarlausir geti lært önnur tungumál t.d. íslensku og öðlast menntun er að kennslumálið sé táknmál.

Bandarískur fræðimaður, William C. Stokoe rannsakaði táknmál um 1960 og komst að því að táknmál er fullgilt

mál með eigin málfræði og setningaskipan. Þetta breytti miklu fyrir þekkingu um táknmálið. Þekkingin barst yfir til Norðurlanda um 1980 og til Íslands samhlíða Norrænni menningarhátíð heyrnarlausra 1986. Á Íslandi var táknmál almennt bannað í kennslu heyrnarlausra fram til ársins 1980. Stór hluti vinnufærra heyrnarlausra eru því einstaklingar sem ekki hafa hlotið formlega menntun á táknmáli og eiga því margir hverjir erfitt með að lesa íslensku sem háir þeim verulega og takmarkar val þeirra á atvinnu.

Haustið 2009 kom út skýrsla Breiðavíkurnefndar þar sem meðals annars var fjallað um Heyrnleysingjaskólann. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra baðst afsökunar fyrir hönd íslensku þjóðarinnar og íslenskra stjórnvalda á því sem kom fram í skýrslunni.

Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra bað heyrnarlausra á 50 ára afmæli félagsins afsökunar á langri sögu „mistaka, fordóma og forræðishyggju“ sem einkennt hefði viðhorf stjórnvalda til heyrnarlausra um áratuga skeið. Í ávarpinu sagði hann m.a.: „Áratugum saman meinuðu stjórnvöld heyrnarlausum að njóta tjáskipta á því máli sem þið áttuð möguleika á að tileinka ykkur, táknmálinu. Afleiðingin varð sú að margar kynslóðir heyrnarlausra fóru á mis við þau tækifæri til þroska og menntunar sem okkur finnst öllum sjálfsagt að njóta. Einangrun heyrnarlausra varð verri en hún hefði þurft að vera.“

Margir Bandaríkjamenn vildu ekki viðurkenna táknmálsbannið. Þannig höfðu margir heyrnarlausir í Bandaríkjunum fengið menntun á táknmáli og fengið góða menntun. Aðgengi heyrnarlausra í Bandaríkjunum að sjónvarpsefni er líka mjög

góð og er fjarskiptatækni mjög góð. Það er hægt að læra margt af Bandaríkjamönnum.

Sem betur fer dó táknmálið ekki út, vegna þess að öðruvísi gátu heyrnarlausir ekki haft samskipti sín á milli. Þeir hefðu aldrei getað heyrt í hvort öðrum né notað varalestur við hvern annan.

Í júlí 2010 var haldin 21. alþjóðlega ráðstefnan um menntun heyrnarlausra (ICED) í Kanada, sem 800 þátttakendur frá öllum heimshornum sóttu. Ráðstefnan er haldin á fimm ára fresti. Flestir þátttakenda voru sérfræðingar í menntun heyrnarlausra og heyrnarskertra. Á fundinum var lesin yfir yfirlýsing þar sem beðist var afsökunar á mistökum á ráðstefnunni í Milanó 1880 við mikinn fögnuð viðstaddra og fólks víðs vegar um heiminn. Það má segja að allar ákvarðanir ICED ráðstefnunar í Milanó 1880 hafi verið dregnar til baka með því að vísa á bug og fordæma ákvarðanir um táknmálsbann sem var sett með ákvörðun ráðstefnunar í Milanó 1880. Þá var beðist afsökunar á afleiðingum hennar. Einnig bað fundurinn allar þjóðir heims að muna sögu táknmálsbanns, að tryggja menntun heyrnarlausra og viðurkenna og bera virðingu fyrir öllum tungumálum.

Ráðstefnan í Milanó 1880 hafði skelfilegar afleiðingar fyrir heyrnarlausra, þar sem kynslóðir heyrnarlausra barna fengu lélega menntun, heyrnarlausir fengu ekki tækifæri til að taka þátt í samfélögum eins og aðrir þegnar og var málefnum heyrnarlausra sýndur lítill skilningur. Þetta hafði mikil áhrif á heyrnarlausra þar sem lífsgæði þeirra urðu slæm bæði líkamlega og andlega.

Í dag finnur táknmálstalandi fólk ennþá fyrir áhrifum táknmálsbannsins. Til að ástandið breytist, þarf að tryggja þátttöku

heyrnarlausra í samfélaginu og bæta fyrir það misrétti sem heyrnarlausir hafa orðið fyrir með fullnægjandi skilningi og stuðningi stjórnvalda á mikilvægi táknmálsins og aðgengi þeirra að upplýsingum.

Ekki er langt síðan heyrnarlausir fóru að ljúka háskólanámi hér á Íslandi. Á síðustu áratugunum hefur táknmál smátt og smátt öðlast viðurkenningu. Staða heyrnarlausra er batnandi og áhugi á táknmáli er að aukast.

Mikilvægt er fyrir heyrnarlausra að fá fullt aðgengi að upplýsingum, með því að eiga kost á táknmálstúlkun, menntun á táknmáli og aðgengi að upplýsingum almennt, þ.m.t. textun sem er sjálfsgöð mannréttindi. Það er mikilvægt að íslensk stjórnvöld fullgildi sáttmála sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra þar sem réttindi heyrnarlausra til menntunar og sem manneskju eru skráð. annig má laga lífsgæði heyrnarlausra enn betur.

STJÓRNVÖLD

Ríkisstjórn Íslands viðurkennir táknmál

Á fundi ríkisstjórnarinnar 1. febrúar sl. var samþykkt að mennta- og menningarmálaráðherra leggi fram frumvarp á Alþingi um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Það er skemmtilegt að segja frá því að á þessum degi varð ríkisstjórnin tveggja ára.

Í tilkynningu frá menntamálaráðuneytinu kemur fram að markmið frumvarpsins sé að festa í lög stöðu íslenskrar tungu, mæla fyrir um varðveislu hennar, þróun og nothæfni og aðgengi manna. Jafnframt gerir frumvarpið ráð fyrir að íslenskt táknmál verði viðurkennt í lögum sem fyrsta mál þessa hluta heyrnarlausra, heyrnaskertra og daufblindra, og afkomenda þeirra, sem reiða sig á það til tjáningar og samskipta. Er lagt til að íslenska ríkið hlúi að íslenska táknmálinu og styðji það. Mælt er fyrir um rétt þeirra sem þörf hafa fyrir táknmál að þeir skuli eiga þess kost að læra, tileinka sér og nota íslenska táknmálið frá máltökualdri eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnaskerðing eða daufblindra kemur fram síðar á ævinni.

Einnig er mælt fyrir um hvernig lögum skuli framfylgt og hverjir beri þá skyldu. Þá eru fyrir mæli um notkun íslenskrar tungu innan stjórnkerfis ríkisins, Alþingis, dómstóla og stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Næsta skref í þessu máli er að frumvarpið verður lagt fyrir þingflokka ríkisstjórnarflokkanna til umfjöllunar og taka þeir ákvörðun um hvort málið verður lagt fram á Alþingi.

Félag heyrnarlausra fagnar þessu og vonar svo sannarlega að frumvarpið verði samþykkt á alþingi sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnaskertra og daufblindra sem tala táknmál.

Er heyrnarlaus manneskja nógu frjáls eða ekki?

Eftir Árna Jóhannesson

Ég kynntist tilvistarstefnunni í Hugmyndasögu 19. og 20. aldar. Ég fékk áhuga á að skrifa BA ritgerð um stefnuna því hún snýst um tilvist manneskjunnar og í framhaldinu vaknaði spurningin um hvað heyrnarlaus manneskja er að gera hér í veröldinni.

Tilvistarstefnan snýst um mannlega tilvist, um að maður sé raunverulega til í veröldinni. Tilvistarstefnan er heimspekileg stefna sem snýst um frjálsræði mannsins sem grundarvöll mannlífs þar sem hann ber ábyrgð á gjörðum sínum og er frjál.

Manneskjan og tilvist hennar í lífinu er byggð á frjálsræði þar sem hún tekur ábyrgð á eigin lífi og gjörðum sínum. Það má segja að tilvist mín í augnblikinu sé að skrifa grein sem Kristinn Jón verkefnastjóri í Félagi heyrnarlausra bað mig að skrifa og er það mín ákvörðun að gera það þrátt fyrir að ég geti hafnað því ef ég vil. Ég geri það ekki af skyldurækni heldur tók ég ákvörðun um að gera þetta verkefni af því að það er frjálsræði mitt að skapa tilgang lífsins fyrir sjálfan mig.

Að skapa sér líf í tilvist sinni er að taka eiginlegar ákvarðanir varðandi líf sitt.

Að skapa lífsbraut manns í tilvist hans er allt undir manningum sjálfum komið og á hans eigin valdi. Af þessu leiðir

að tilverustefnan leggur áherslu á að manneskjan taki ákvarðanir í lífi sínu í þessari tilveru. Það er ástæðan fyrir því að maðurinn fer að spyrja sjálfan sig hvers vegna hann sé til í veröldinni og hver sé tilgangur hans í tilverunni. Manni er kastað í veröldina, einstaklingur fæðist, hann er til og deyr í veröldinni, þar sem hann fékk líf sitt og fékk að vera hluti af veröldinni. Hann er aleinn í heiminum og hlutverk hans er að skapa líf sitt.

Tilvistarstefnan gerir ráð fyrir að allir séu frjálsir til að velja eitthvað af aðstæðum eða athöfnum. Maður velur þá túlkun sem maður leggur í þær aðstæður sem maður er í. Maðurinn veit því ekki hvað mun gerast á eftir nema að hann þarf að velja markmið eða verkefni í aðstæðum til að skapa eða gera eitthvað með því að skapa tilgang og tilganginn skapar hann með eiginlegu vali sínu. Í aðstæðum eða athöfnum getur maður valið að leika brjáláðan morðingja, að vera kennari eða eitthvað annað. Í merkingu tilvistarstefnunnar er grundavallaratriði að upprunalegt val skapar tilgang lífsins, þannig að tilvist mannsins ákvarðar valið.

Maðurinn hefur skapað athafnir með vali sínu en hann skapar ekki aðeins sjálfan sig heldur líka ákveðna mynd af sér sem hann sjálfur kys að hafa, en maðurinn ber fulla ábyrgð á því sem hann hefur gert úr sér. Þegar maðurinn er fullorðinn fer hann að leita að konu og sér fallega konu og vill giftast henni. Hann byrjar á að daðra við hana og byrjar síðar með henni. Þá ber maðurinn ábyrgð á sjálfum sér af því að hann byrjar á að velja konuna fyrir



Árni Jóhannesson.

sjálfan sig, en hann ber líka ábyrgð gagnvart konunni og má því segja að hann beri tvöfalda ábyrgð; á sér og konunni. Um leið giftist maðurinn konunni. Þau byrja að eiga börn og þá er maðurinn að skapa ákveðin gildi sem eiginmaður og í föðurhlutverkinu sem skuldbinda hann til að vera ábyrgð á þessum hlutverkum sínum sem hann hefur skapað og ber ábyrgð á fyrir mannkynið allt, einnig gagnvart fjölskyldunni sinni og eiginkonu og öllu. Í valinu felst alltaf ábyrgð og skiptir engu máli hver maður er, en maðurinn er alltaf ábyrgur fyrir öllu vali gagnvart sjálfum sér og einnig gagnvart öðrum þar sem hann skapar sjálf sitt með valinu og athöfnum sínum.

Tilvistarspeki er vonin um frelsi manneskjunnar. Ef markmiðið er alltaf að hljóta frelsi og afleiðingarnar eru góðar þá er kenning

tilvistarstefnunnar bjartsýniskening. Það er ástæða fyrir því að hún gerir tilraun til að draga fram slæmar athafnir og hindranir sem gera manneskjuna ófrjálsa. Vonin er að menn lifi lífi sínu og þroskist í gegnum lífið með því að rækta lífsvalið og fylla tómleika lífsins merkingu. Vonin er að gera manneskjuna frjálsa til að taka eiginlega ákvörðun um val sitt og skapa með því þann tilgang lífs síns sem hún vill og að lifa og læra að lifa með ábyrgðinni sem er af hinu góða.

Heyrnarleysi í tilvistarstefnunni

Ég gerði sjálfur tilraun með tilvistarstefnu í persónulegri reynslu minni, með því að fara á námskeið í Bootcamp sem er herþjálfun. Þetta var tilraun sem ég vildi gera á sjálfum mér, til að ögra sjálfum mér og kanna mín eigin mörk, vegna þess að

heyrnarleysi mitt hefur haft áhrif á mig og áður leit ég svo á að það hafi skapað mér hindranir. Ég hef alltaf verið hikandi yfir því að gera eitthvað t.d. að fara á námskeið eða einhverja aðra viðburði sem heyrandi fólk sækir alla jafna. Ég var alltaf hikandi og var alltaf að spyrja sjálfan mig hvort ég ætti að fara á einhver námskeið eða ekki af því að ég er svo meðvitaður um heyrnarleysi mitt og veit hvernig heyrandi fólk bregst við þegar það á í samskiptum við heyrnarlaus einstaklinga. Þessi viðbrögð valda mér óþægindum og hafa áhrif á mig og ég upplif að heyrandi fólk verði óöruggt gagnvart mér. Þegar ég lauk bókinni um tilvistarstefnuna spurði ég sjálfan mig: Er ég nógu frjáls eða ekki? Til hvers er ég til í veröldinni og hver er tilgangur minn hérna? Á ég að sætta mig við hindranir vegna þess að heyrnarleysið hefur sigrað mig? En þeirri spurningu svaraði ég neitandi. Þá gerðist það kraftverk að ég skráði mig

í Bootcamp vegna þess að tilvistarstefnan segir að mannleg tilvist sé ávallt frjáls og án félagslegra eða annarra hindrana og vegna þess að það er tilvist mín að ákveða hvernig lífi ég vil lifa. Í ljós kom að Bootcamp neitaði að taka við heyrnarlausum einstaklingi vegna tungumálaörðugleika og ég var spurður hvort ég kynni varalestur. Ég reyndi að útskýra fyrir þjálfaranum að heyrnarlausir geti gert ýmislegt án þess að nota varalestur og að þeir notuðu ýmsar aðrar leiðir til samskipta, t.d. með því að nota penna og blað eða látbragð. Ég lét viðbrögð þjálfarans ekki stoppa mig þó að með þessu væri hann að benda á að heyrnarlausir ættu ekki möguleika á að stunda Bootcamp. Að lokum fékk ég að mæta á æfingu og loks viðurkenndi þjálfarinn að honum hafi orðið á mistök að neita heyrnarlausum að taka þátt í námskeiðinu vegna þess að hann

vantreysti heyrnarlausum einstaklingum og möguleikum þeirra til samskipta við heyrandi. Ég vil meina að í þessum aðstæðum hafi tilvistarstefnan bjargað mér með því að breyta hugsun minni og fá mig til að viðurkenna fyrir sjálfum mér að ég sé frjáls án þess að verða fyrir hindrun eða afneitun. Tilvistarstefnan hefur kennt mér að skilja lífið betur og einnig sjálfan mig og að ég sé raunverulega frjáls þrátt fyrir að vera heyrnarlaus. Einnig hef ég lært að ég er til í raun og veru sem frjáls manneskja með því að geta valið hvað sem ég vil án þess að láta slæma orðaræðu um að heyrnarlausir séu ómögulegir og séu hindraðir af fötlun hafa áhrif á mig. Slík félagsleg hindrun sem samfélagið hefur skapað á ekki við af því að tilvistarstefnan felur í sér að tilvist manneskju er algjörlega frjáls af því að henni er varpað í veröldina og hún er frjáls með því að bera ábyrgð á lífi sínu.

Lokaorð
Ég vil hvetja lesendur að lesa BA ritgerð mín og kynna sér tilvistarstefnuna af því að lífið er of stutt til þess að sætta sig við að vera ófrjáls og láta heyrnarleysi stoppa sig. Heyrnarlausir ættu að fara að líta á sjálfa sig sem frjálsa einstaklinga og sigrast á sjálfum sér eins og Friedrich W. Nietzsche sagði (og frægt er orðið) „Vilji til valds“. Því að vilji mannsins til að skapa líf sitt og veröld eftir eigin höfði án þess láta t.d. heyrnarleysi taka völdin í lífi sínu verður að vera til staðar. Að öðrum kosti eru heyrnarlausir einstaklingar að viðurkenna vanmátt sinn og takmarkaða möguleika í lífinu. Menn verða að kunna að sigrast á sjálfum sér til að geta lifað lífinu og það gera þeir meðal annars með því að vera stoltir af heyrnarleysi sínu.

Lánamöguleikar vegna sérparfa:

- Hámarksupphæð 8 milljónir
- Fastir vextir án uppgreiðsluákvæðis
- Lántökugjald 0,5% af lánsupphæðinni
- 90% af kaupverði eða byggingarkostnaði
- 90% af viðbótar- og endurbótakostnaði

Aukalán vegna sérparfa

Þeir sem hafa skerta starfsorku, eru fatlaðir eða hreyfihamlaðir geta fengið aukalán til að gera breytingar á íbúðarhúsnæði eða til að kaupa eða byggja húsnæði vegna sérparfa sinna. Lánið kemur til viðbótar 20 milljóna króna hámarksláni Íbúðalánasjóðs eða öðrum fasteignaveðlánnum að hámarki 20 milljónum. Einnig er heimilt að veita aukalán til forsvarsmanna þeirra sem búa við sérparfir.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Íbúðalánasjóðs www.ils.is, ils@ils.is eða í síma 569 6900 og 800 6969.

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími : 569 6900, 800 6969



Íbúðalánasjóður

Döff sagnarhefð

Eftir Steinunn
Þorvaldsdóttir

Ég útskrifaðist sem þjóðfræðingur með mannfræði sem aukagrein frá Háskóla Íslands í febrúar árið 2009.

Í lokaritgerðinni skrifaði ég um sagnahefð Döff á Ísland í dag. Þar fjallaði ég um þjóðsögur og menningarsögu Döff.

Ef Döff fólki væri bannað að nota táknmál væri það eins og að útiloka þau frá hluta af menningu þeirra. Allir þurfa að geta samsamað sig samfélaginu og rótum þess og einnig að öðlast viðurkenningu annarra á því að tilheyra samfélaginu.

Döff sagnahefð spilar einmitt stórt hlutverk í uppbyggingu sjálfmyndar Döff. Sögurnar sem ganga mann fram af manni segja frá menningu Döff, þeirra reynsluheimi og lýsir þeirra húmor. Það er mikilvægt hverri Döff kynslóð að kynnast sögum af þessu tagi til að geta skilgreint hver „þau“ eru og til að geta lært af sögunum.

Hingað til hefur samfélag Döff á Íslandi verið tiltölulega lítið rannsakað. Enginn þjóðfræðingur hefur safnað sögum Döff og engar frásagnir eru í bókum um Döff menningu eða ævisögur sambærilegar þeim sem hafa komið út um heyrandi fólki.

Í þessu verkefni valdi ég að fjalla sérstaklega um Döff sagnahefð og menningu. Það reyndist ekki auðvelt að ákveða hvaða sögum ég ætti að safna en mér fannst sérstaklega spennandi að

skoða Döff brandara og sögur um líf og menningu, því ég held að þetta efni veiti okkur góða innsýn í viðhorf og heimssýn Döff um leið og þær sýna hvernig Döff „segja“ sögur sem er töluvert ólíkt því sem þekkest í samfélagi heyrandi. Aldrei hefur verið tekið viðtal við Döff fólk um svipaða hluti.

Flestar frásagnir Döff eru nálægt þeim í tíma, flestar úr nútímanum. Þó eru sagðar nokkrar sögur frá því í fyrri og seinni heimsstyrjöld en afar fáar eða engar frá t.d. miðöldum eða fornöld. Ástæðan gæti verið sú að þar sem táknmál á sér ekkert ritmál hafa þessar sagnir ekki varðveist, eins og þær sagnir sem við þekkjum úr íslenskum fornþekktum.

Rannsóknaraðferð:
Til þess að safna Döff sögum þarf að taka þær upp á myndband. Þar sem táknmál á sér ekkert ritmál er eina leiðin til að varðveita sögurnar að taka þær upp á myndband. Döff bókmenntir ættu þá að vera til á myndbandsspólum eða á DVD, þar sem Döff segja sögur, brandara, ljóð og ævisögur.

Ég tók viðtöl við sjö viðmælendur og ekki voru notaðir túlkar í þessu ferli. Viðtöl sem ég tók voru reynslusögur þeirra, um munnlega hefð og bókmenntir heyrandi á Íslandi. Ég fjallaði um hvernig Döff fólk og Döff menning á Íslandi endurspeglast í bókmenntum og munnlegri hefð heyrandi Íslendinga fyrr og nú. Þá



Steinunn L. Þorvaldsdóttir.

LÖSVMUND: TRAUSTI JÓHANNESSON

sést fljótt hve lítið pláss Döff eiga í bókmenntahefð Íslendinga. Ljóst er að það er tími til komin að kanna menningu þeirra betur.

Fornbókamenntir hafa ekki verið mikið skoðaðar með það í huga hvort þar finnast Döff persónur. Það má segja það sama um sögu Döff á Íslandi, lítið sem ekkert finnst af rannsóknum um líf Döff forðum daga. Aðalvandamálið er að það eru mjög fáar heimildir til. Í þeim fáu heimildum sem fundist hafa kemur í ljós að Íslendingar fyrr á öldum notuðu ákveðin hugtök um Döff, t.d. orð eins og „mállaus“, „heyrnarlaus“, „daufdumbur“, „dumbur“. Allt orð sem leggja áherslu á mállæsi. Það bendir til þess að viðhorf manna á þessum tíma hafi verið öðruvísi.

Döff frásagnir:

Í Döff frásögnum er

stundum fjallað um klaufaleg og neyðarleg atvik t.d. þegar hljóð fara fram hjá Döff, um Döff dýr, þegar misskilningur verður í samskiptum við heyrandi, um kúgun og ýmis atriði sem eru áberandi í reynsluheimi Döff. Einnig hafa Döff verið duglegir að segja draugasögur úr gamla Döffskólanum.

Eftirfarandi er stutt dæmi um Döff brandara: Tveir menn ganga langa leið og eru með veiðibyssu. Þeir stoppa og sjá tvo rafmagnsstaura með vír á milli. Mennirnir koma auga á marga fugla sitjandi á vírnum. Annar spyr þá hvort þeir eigi að prófa að skjóta út í loftið til að sjá viðbrögð fuglanna. Þeir skjóta og fuglunum bregður og fljúga burtu, allir nema einn sem situr áfram. Mennirnir verða hissa. Hvers vegna flaug hann ekki líka? Getur verið að hann sé Döff?

Þessa sögu hef ég oft heyrt og Döff túlka þetta sem brandara. Það sem þeim finnst fyndið er tilhugsunin um að fuglinn gæti einnig verið Döff. Þarna er Döff reynsluheimur yfirfærður í dýraheiminn.

Svo það er líka annar brandari þar sem segja má að Döff séu svolítið að hefna sín á samfélagi heyrandi. Það er gert í gegnum þeirra eigin menningu og með þeim svarta húmor sem einkennir svo marga Döff:

Brandarinn er um jarðaför. Margmenni var á staðnum og presturinn hélt ræðu, svo bauð hann orðið ef einhver vildi halda stutta ræðu. Blindi maðurinn hélt ræðu um hinn látna og það hvernig hann hafi afrekað svo mikið í samfélaginu og fengið betra aðgengi fyrir blint fólk, svo hendir hann blindrastaf ofan í gröfina. Næst kemur maður í hjólastól og heldur sömu ræðu um að hinn látni hafi bætt aðgengi fyrir fólk í hjólastólum, tveir menn hjálpuðu honum svo úr hjólastólnum og hentu stólnum ofan í gröfina. Síðast kemur Döff og heldur ræðu með túlk sér við hlið, hann talar um hversu mikið betra aðgengi er að túlkum, námi fyrir Döff, störfum og fleiru fyrir tilstilli hins látna. Í lok ræðunnar vill hann líka henda einhverju í gröfina sem virðingavott fyrir vel unnin störf hins látna, þannig að í gröfina fór lifandi túlkur.

Sögurnar sýna okkur líka að Döff verða oft fyrir hindrunum í heyrandi samfélagi en samt að þeir hafa húmor fyrir sjálfum. Þeir geta séð spaugilegu hliðina á því sem margir upplifa sem skömm.

Döff líta á að táknmálið sé það sem skiptir máli í lífinu og nauðsynlegt sé að hafa eigið mál til að geta tjáð sig.

ÍSLENSKA
**HAMB
 ORGARA
 FABRIK
 KAN**
 2010

“Ég er foli og það eru hestöfl í Hámarki”



HÁMARK
PRÓTEINDRYKKUR



HÁMARK
PRÓTEINDRYKKUR



HÁMARK
PRÓTEINDRYKKUR



25g prótein
99% fitulaus
Enginn hvítur sykur

Hámark - próteindrykkur er unnið úr gæðri mjólk og er mjólkurinnar og þrátt fyrir mjólkurinnar er þetta mjólkurinnar. Hámark - próteindrykkur er unnið úr gæðri mjólk og er mjólkurinnar og þrátt fyrir mjólkurinnar er þetta mjólkurinnar. Hámark - próteindrykkur er unnið úr gæðri mjólk og er mjólkurinnar og þrátt fyrir mjólkurinnar er þetta mjólkurinnar.

25g prótein
99% fitulaus
Enginn hvítur sykur

Hámark - próteindrykkur er unnið úr gæðri mjólk og er mjólkurinnar og þrátt fyrir mjólkurinnar er þetta mjólkurinnar. Hámark - próteindrykkur er unnið úr gæðri mjólk og er mjólkurinnar og þrátt fyrir mjólkurinnar er þetta mjólkurinnar.

25g prótein
99% fitulaus
Enginn hvítur sykur

Hámark - próteindrykkur er unnið úr gæðri mjólk og er mjólkurinnar og þrátt fyrir mjólkurinnar er þetta mjólkurinnar. Hámark - próteindrykkur er unnið úr gæðri mjólk og er mjólkurinnar og þrátt fyrir mjólkurinnar er þetta mjólkurinnar.

HÁMARK

PRÓTEINDRYKKUR

VINSÆLASTI PRÓTEINDRYKKUR Á ÍSLANDI

Norrænt unglíngamót á Hvolsvelli



Allir þátttekendur á norræna unglíngamótinu ásamt fararstjórum þeirra.

Texti: Gunnar Jónsson

Síðastliðið sumar, dagana 23. – 28. júlí var Norrænt mót heyrnarlausra (e. Nordic Junior Camp) haldið á Hvolsvelli. Mótið var í höndum Puttalinga, æskulýðsdeildar heyrnarlausra sem er deild innan Félags heyrnarlausra. Slík mót eru haldin á tveggja ára fresti á Norðurlöndum til skiptis. Þetta er mót fyrir heyrnarlausra unglínga á aldrinum 13 til 17 ára. Hvert land sendir leiðtoga eða fararstjóra með þátttakendum, þar sem þeir eru allir undir lögaldri.

Puttalingar réðu Hönnu Kristínu Jónsdóttur, Hjördísi Önnu Haraldsdóttur og Árna Inga Jóhannesson til að sjá um skipulagningu norræna unglíngamótsins hér á Íslandi. Í upphafi þurfti að finna hentuga staðsetningu og í lokin var ákveðið að vera á Hvolsvelli sem er um hálf tíma akstur austur frá Selfossi. Árni Ingi

Jóhannesson hannaði logo fyrir unglíngamótið 2010.

Samtals voru 26 manns á mótinu, þar af 16 unglíngar. Frá Finnlandi komu 9 manns með tveimur fararstjórum, þrjár frá Noregi með tveimur fararstjórum, einn frá Svíþjóð með einum fararstjóra og þrjár frá Íslandi með fimm fararstjórum og starfsmönnum á mótinu. Íslenskir þátttakendur voru: Unnur Pétursdóttir, Karen Eir Guðjónsdóttir og Halldór Einarsson. Íslendingar sem unnu að mótinu sem sjálfboðaliðar voru: Elsa Guðbjörg Björnsdóttir, Kolbrún Völkudóttir, Gunnar Snær Jónsson, Hjördís Anna Haraldsdóttir og Hanna Kristín Jónsdóttir. Hanna var mótstjóri.

Á mótinu var mikið af vinnusmiðjum (e. Workshop) þar sem fjöldi var ekki eins mikill og búist var við. Við vorum með vinnusmiðjur alla vikuna til að halda tengingu við hvert annað og til að kynnast betur. Á nokkrum dögum leið okkur eins og stórri fjölskyldu. Við

gerðum margt skemmtilegt og mikil gleði ríkti á hverjum degi. Elsa sá t.d. um vinnusmiðju þar sem fólk gat tjáð sig í gegnum leiklist. Unglingunum var skipt í þrjá hópa sem kepptu við hvern annan alla dagana og sá hópur sem fékk flest stig, fékk verðlaun að lokum. Sem dæmi um verkefni sem hægt var að vinna stig fyrir var að mæta við fánann um klukkan átta á morgnana en 50 stig fengust fyrir það. Svo var einn dagur, sem við kölluðum íþróttadag, þar sem hóparnir þurftu að leysa margar þrautir í samvinnu. Á hverju kvöldi vorum við með landsþema,

eins og Svíþjóðarkvöld, Noregskvöld, Finnlandskvöld og Íslandskvöld þar sem fólk frá hverju landi átti að skipuleggja leiki og gera grín. Við þurftum að slíta mótinu einum degi fyrir en áætlað var því þátttakendum frá sumum löndum áttu flug snemma síðasta daginn.

Það var söknuður í okkur þegar við kvöddum þann 28. júlí og margir vildu óska að við hefðum haft lengri tíma en sex daga.

Puttalingar vilja koma þökkum til allra sem voru á mótinu og störfuðu í sjálfboðavinnu.





SÍBS

Samband íslenskra
berkla - og brjóstholssjúklinga

SAFFERAN

KRONAN

epli.is

Góa-Linda

SUBWAY



HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS

andrat
LÖGMANNSSTOFA

Það er gaman að skauta

Komdu í Grafarvoginn á skauta í Egilshöllinni

Opið alla daga



www.egilshollin.is

Dagurinn vel heppnaður



LÖSMYND: ARTURAS KUKLIS

Heyrnarlausir innflytjendur við hlaðborðið.

Heyrnarlausir hafa mátt heyja langa og erfiða réttindabaráttu og lengi þurftu þeir að þola mismunun á ýmsum sviðum þjóðlífsins. En nú er viðmót þjóðfélagsins orðið gerbreytt, þótt enn sé mikið starf óunnið. Síðastu helgi septembermánaðar ár hvert er alþjóðlegur Dagur heyrnarlausra haldinn hátíðlegur víðsvegar um heiminn. Á þessum degi nota heyrnarlausir um allan heim tækifærið til að vekja athygli á samfélagi heyrnarlausra og hagsmunamálum sínum.

Á aðalfundi Félags heyrnarlausra í maí sl. var skipuð nefnd sem átti að sjá um undirbúning og skipulagningu vegna Dags heyrnarlausra. Í henni voru Haukur Vilhjálmsson, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir og Arnþór Hreinsson.

Á föstudegi var efnt til

messu í Grensáskirkju þar sem kór heyrnarlausra söng og boðið var upp á súpu og brauð að henni lokinni.

Á laugardegi var haldin hátíðardagskrá í félagsheimili félagsins. Fyrir hádegi voru fluttir nokkrir fyrirlestrar. Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, formaður Félags heyrnarlausra, flutti erindi um hvað sé í gangi hjá framkvæmdarnefnd um málefni heyrnarlausra og heyrnarskertra. Hlutverk nefndarinnar er að skoða þjónustu við heyrnarlausra frá vöggu til grafar og Heiðdís talaði einnig um hverjar eru væntingar FH til nefndarstarfsins. Júlía G. Hreinsdóttir sagði frá fundi um menntun heyrnarlausra í Kanada sem hún og Valgerður frá Samskiptamiðstöð sóttu. Fundurinn vísaði á bug og fordæmdi ákvarðanir um táknaðsbann árið 1880 í Milanó. Þá var beðist afsökunar á þessari ákvörðun. Hanna Lára Ólafsdóttir

kom með framtíðarsýn. Anney Þorvaldsdóttir og Kolbrún Völkudóttir frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra kynntu SignOnOne verkefnið sem

þær hafa verið að vinna að. Þá voru Haukur Vilhjálmsson, Hjördís Anna Haraldsdóttir og Gunnar Jónsson með kynningu um menningarnefnd.

Nokkrir komu með muni til að sýna og selja, svo sem lopapeysur og skartgrip. Gestir máluðu framtíðarsýn á striga og voru myndir úr ljósmyndasamkeppni sýndar á skjá.

Snemma um kvöldið var boðið upp á alþjóðlegan mat með ýmsum köldum réttum. Kvöldverðurinn var í umsjón heyrnarlausra innflytjenda. Mæting var góð eða um 70 manns.

Seinna um kvöldið var skemmtidagskrá í umsjón Puttalinga, æskulýðsdeildar félagsins.

Félag heyrnarlausra vill þakka kærlega fyrir vel heppnaða helgi í tilefni Dags heyrnarlausra. Allir viðburðir voru mjög vel sóttir og tókust vel í alla staði.

Við styrkjum Félag heyrnarlausra

Reykjavík

ATVR
Barnaverndastofan
Brim seafood
Brimborg
BSRB
Efling
Efnamóttakan
Eignaumsjón
Félag hjúkrunarfræðinga
Henson
Hótel Borg
Hvítlist
Iceland seafood
intellecta ehf
Lagastoð
lögfræðiþjónusta
Lýsing
Mannvit
Málningarvörur

Menntaskólinn Hraðbraut
Öslandsstofa
Regla netbókhald
Rolf Johansen & Company
Sjálfstæðisflokkur XD
Strætó
Virka

Kópavogur

Íslandspil
A4
Kríunes


Garðabær

Bæjarskrifstofur
Garðabæjar
Miklartorg hf IKEA

Hvar er þínum séreignarsparnaði best borgið?

Hugsaðu dæmið til enda

Fáðu ráðgjöf í síma 595 3400



Allianz 
– tryggir þína peninga

Staða heyrnarlausra innflytjenda á Íslandi

Eftir Kristinn Jón
Bjarnason

Í lok október 2010 kom út rannsóknarskýrsla sem nefnist Heyrnarlausir innflytjendur á Íslandi, eftir Kristinn Jón Bjarnason. Verkefnið hlaut styrk úr Próunarsjóði innflytjendamála hjá Félags- og tryggingamálaráðuneyti Íslands í apríl 2010. Í rannsóknarverkefninu var ætluð að kanna hvernig staða heyrnarlausra innflytjenda er á Íslandi.

Á tveggja ára tímabili, árin 2006 til 2007, fluttust margir heyrnarlausir til Íslands og voru þeir að leita sér vinnu og eignast heimili. Þar með stækkaði samfélag heyrnarlausra talsvert og kom fljótlega í ljós að Ísland var ekki tilbúið til að taka við svo stórum hópi heyrnarlausra innflytjenda.

Mesta hindrunin fyrir þennan hóp fyrst og fremst vegna samskipta. Þau tala annað tákni og kunna ekki íslensku þegar þau flytjast til Íslands. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa vísbendingar um að staða heyrnarlausra innflytjenda virðist ekki vera eins góð og annarra innflytjenda. Til viðbótar er staða þeirra ekki eins góð og heyrnarlausra Íslendinga. Heyrnarlausir innflytjendur virðast vera lakari í íslensku en heyrnarlausir Íslendingar. Þannig geta þeir misst af tækifærum,

t.d. við að afla sér menntunar eða upplýsinga þar sem allt er á íslensku. Þá hafa heyrnarlausir innflytjendur lakara aðgengi að upplýsingum en aðrir landsmenn, t.d. vantar tákni og textun á sjónvarpsefni. Það má segja að mikilvægt sé að auka aðgengi sjónvarpsefnis með textun þar sem það hefur mikil áhrif og getur leitt til áhuga á íslensku máli, þar sem textun styður þjálfun í málinu.

Skortur á aðgengi að samskiptum getur tafið eða hindrað þjónustu við heyrnarlausra innflytjendur. Margir þeirra læra íslensku sem nýtt mál og íslenskt tákni sem nýtt tákni. Það er alveg skýrt að nauðsynlegt er að læra málið strax því að þau þurfa að eiga mál til að geta haft aðgengi að upplýsingum og þjónustu. Það má segja að heyrnarlausir innflytjendur fái takmarkaðar upplýsingar þar sem þeir eru að læra málið. Einnig er aðgengi að sjónvarpsefni takmarkað og allt þetta hjálpar til þess að gera aðstæður heyrnarlausra innflytjenda meira einangraðar en ætti að vera. Þeir sem búa yfir lítilli færni í íslensku, hafa upplifað skort á upplýsingum. Einnig er erfitt að fylgjast með eða taka þátt í umræðum í fjölmiðlum. Þeir sem hafa best vald á íslensku geta aflað upplýsinga og náð góðum tengslum við aðra Íslendinga. Þetta er einkennandi fyrir



LJÓSMYND: ARTURAS KUKLIS

Heyrnarlausir innflytjendur á Degi heyrnarlausra 2010. Myndin tengist greininni ekki.

einstaklinga í samfélagi heyrnarlausra, því þeir fá litlar eða engar upplýsingar þar sem mikið af umræðum í þjóðfélaginu, hvort sem er í útvarpi eða í sjónvarpi, fara fram hjá þeim. Skortur er á sérstökum námskeiðum í íslensku og íslensku tákni fyrir heyrnarlausra innflytjendur þar sem leiðbeinandi er tákniástandi.

Rannsókninni var ætlað að stuðla að auknum skilningi og þekkingu á málefnum heyrnarlausra og innflytjenda. Ekki hefur verið gerð slík rannsókn fyrr.

Þátttaka í þjóðfélaginu er mannréttindi hvers og eins. Heyrnarlausir eiga að hafa sömu möguleika og heyrandi fólk hefur. Skortur á aðgengi getur sett


heyrnarlausra í slæma stöðu í þjóðfélaginu og þá er félagsleg staða ekki góð og þannig geta heyrnarlausir upplifað fleiri hindranir sem er með öllu óþarfi. Ef vel er gert og markvisst er unnið að því í upphafi, eru meiri líkur á því heyrnarlausir innflytjendur aðlagist vel að íslensku samfélagi. Hugsu þarf betur um stöðu heyrnarlausra innflytjenda með því að marka stefnu í málefnum þeirra.

Heyrnarlausir eiga ekki að vera þjakaðir af áhyggjum yfir hvernig þeir geta notið sama aðgengis og þeir sem eru heyrandi á Íslandi. Bætt íslenskukunnátta og túlkþjónusta myndi leiða til þess að sjálfsmynd og sjálfstraust heyrnarlausra myndi eflast til muna og eru það sjálfsgöð mannréttindi.



Kærar þakkar til allra þeirra fjölmörgu sem stutt hafa starf Félags heyrnarlausra í gegnum tíðina.

Sérstakar þakkar til þeirra er styrkt hafa útgáfu þessa rits.



Norræn fundur um málefni aldraðra í Svíþjóð

Texti og myndir:
Vilhjálmur G.
Vilhjálmsson

Dagana 16. og 17. september var haldinn fundur um málefni aldraðra á Norðurlöndum í Gautaborg. Vilhjálmur G. Vilhjálmsson var fulltrúi Íslands á fundinum.

Fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum nema Færeyjum voru á fundinum. Hvert land flutti skýrslu. Danir sögðu mjög vinsælt að heyrnarlausir heimsæki aldraða heyrnarlausu til að halda þeim félagsskap. Bæjarfélög greiða fyrir ferðir á heimili eru farnar í sjálfboðavinnu.

Berglind Stefánsdóttir var fulltrúi Noregs þar sem enginn frá Landsambandi heyrnarlausra í Noregi bauð sig fram. Berglind er að kynna sér starfsemi aldraðra þar í landi. Tillaga hennar er að halda stutt námskeið um réttindi aldraðra heyrnarlausra, heilsu annað tengt öldruðum í Lýðháskólanum Ål í framtíðinni.

SignCare AB er sjálfstætt fyrirtæki í Svíþjóð sem býður þjónustu fyrir aldraða heyrnarlausu og aðra fatlaða, dauflinda og fleiri. Hjá SignCare AB er liðaveisla, heimahjálp, sálfræðingur ásamt 15 öðrum fagmönnum sem skila reglulega skýrslum um stöðu þeirra sem þeir þjónusta til bæjarskrifstofu. Sign Care starfar náð með ríki og sveitarfélögum og þar er einnig hægt að panta túlkaþjónustu fyrir heyrnarlausu. Þetta samstarf hefur verið árangursríkt. Í Svíþjóð eru heyrnarlausir aldraðir skilgreindir svo eftir 55 ára aldur.

Staða aldraðra í Finnlandi er mismunandi eftir bæjarfélögum þ.e. sumstaðar er þjónustan góð og annarsstaðar ekki. Svár telja að almennt sé þjónusta í Finnlandi betri en í Svíþjóð.

Við heimsóttum Akurhus heimili fyrir aldraða í Gautaborg þar sem tveir heyrnarlausir búa. Forstöðumaður tók vel á móti okkur og sýndi okkur húsið og herbergin og fræddi okkur um stöðu



Solhem Bohus – Björkö (eyja) við Göteborg í Svíþjóð. Solhem er fínt hús og byggt árið 1932 sem sumarhús. Húsið er opið á sumrin og leigt út til ráðstefnuhaldna en lokað á veturna. Stutt er að ganga til hafs.



Frá vinstri Helena Torboli, Thyra Lindström, Vilhjálmur G. Vilhjálmsson, Inger Justesen, Ingvar Edwall, Karl-Gosta Sjöberg, neðra frá vinstri Maggie Sundstrom, Anna Louise Nielsen, Christa Ekholm, Karl-Erik Carlsson og Berglind Stefánsdóttir.

alraora.

Sölumaður frá eCpad myndisímafyrirtækinu kom og kynnti fyrir okkur nýja myndisímataekni og vöknudu margar spurningar um myndisímann.


Birgitta Martinell var gestafyrirlesari og ræddi um líðan aldraðra heyrnarlausra. Heyrnarlausir aldraðir búa við mikinn kvíða og óöryggi en hún hefur gert rannsóknir á öldruðum í yfir tvö ár. Hún gaf nýlega út bók þessu tengt sem heitir „Valfrihet och värdighet saknas hos

alare aova!“ Fyrirlesturinn var mjög áhugaverður og fróðlegur.

Norrænt mót aldraðra verður haldið 7.-13. ágúst 2011 í Ruokulahti, í Finnlandi. Boðið verður upp á margar gönguferðir á mótinu og því ekki hentugt að fatlaðir eða háaldraðir taki þátt í slíku móti. Staðurinn er Ruokolahti nálægt Rússlandi og er hægt að fara í dagsferð með skipi til Rússlands. Heildar þátttökugjald er um 360 til 400 evrur og innfalið er fullt fæði, gisting, rúta. Allir fulltrúar samþykktu tillögurnar. Verður kynnt betur síðar.

 Hraðpeningar

 KPMG



Sundsamlega gott!
Heilsulindir á höfuðborgarsvæðinu



Laugarnar í Reykjavík



www.itr.is | sími 411 5000

Norræn menningarhátíð 2010 í Stokkhólmi

Texti og myndir:
Hjördís Anna Haraldsdóttir

Eftir norræna menningarhátíð heyrnarlausra, sem haldin var á Akureyri árið 2006, þá langaði undirritaða að sækja næstu menningarhátíð og nú í ár var það í Stokkhólmi í Svíþjóð.

Dagskrá menningarhátíðarinnar var öll á einum stað nema dagsferðir og lokakvöldið. Fjöldmargt var í boði, s.s. leiksýningar, „Open Space“, sögusýningar, listasýningar, verkstæði, fyrirlestur, tískusýning, kynningar, söluhorn, kaffihús, hraðstefnumót, workshop hjá unga fólkinu, kvöldpub, veitingastaðir, krakkahorn og margt fleira.

Aðstaðan var til fyrirmyndar. Mjög flott hús með miklu plássi og stórt útsvæði. Margt var að velja um til skemmtunar. Hægt var að sitja og hlusta á fyrirlestur eða þvælast um og skoða kynningar, söluhorn, slappa af á kaffihúsi eða fara á verkstæði og nota ímyndunaraflíð til að skapa listaverk.

Nýir og ferskir dagskrárliðir voru í boði, t.d. heimsókn á Vaasa museum og Drottningsslot með Döff leiðsögumanni sem sagði frá mörgu athyglisverðu svo maður tók betur eftir og naut heimsóknarinnar á safnið betur. Leikhúsið var með flottu sviði og gestir gátu labbað inn í hálfgerðan „leiklistar-heim“ og mátað búninga og hárkollur. Svo var Döff fatahönnuður með tískusýningu þar sem hún kynnti línuna sína og stemningin var bara eins

og á alvöru tískusýningu. Svo prófaði maður að taka þátt í hraðstefnumóti sem var bara skemmtileg leið (ísbrjótur) til að endurnýja kynni við gamla kunningja og kynna nýju fólk.

Oft var borðaður kvöldmatur á svæðinu og var hægt að velja úr nokkrum réttum á vægu verði og síðar á kvöldin myndaðist meiri pub stemmning. Eitt kvöldið var tileinkað heimsmeistaramóti í fótbolta þar sem hörkuspennandi leikur fór fram. Nær allur mannskapurinn safnaðist saman fyrir framan sjónvarpið og fyrir mig sem er algjörlega áhugalaus um fótbolta fannst skemmtilegt að upplifa stemninguna með öðrum Döff á öllum aldri. Einnig var frábært að fylgjast Döff tala um leikina af mikilli innlifun.

Lokadagurinn/kvöldið var haldið í eins konar fjölskyldugarði sem sem er opin garður fyrir alla. Þar var m.a. krúttlegt og gamaldags kaffihús með gamaldags bakkelsi, hús með handverksvörur til sölu og farið var aftur til járnaldar á svæði sem búið var að endurgera í sama stíl og var á járnöld. Þar gat maður búið til brauð sem var svipað og flatbrauð, prófað að skjóta úr boga, búið til skart eins og tíðkaðist þá eða hamrað járn.

Svo var formleg athöfn þar sem Svíar afhentu Finnum DNR fánan sem þýðir að formennsku Svía er lokið og Finnar taka við. Næsta menningarhátíð verður svo haldin í Finnlandi árið 2014.



Íslendingaborðið. Frá vinstri; Svava Jóhannesdóttir, Rósa Sverrisdóttir, Elsa Björg Stefánsdóttir, Ragna Guðrún Magnúsdóttir, Camilla Degsell og Hjördís Anna Haraldsdóttir.



Opunarhátíð menningarhátíðar hófst með tónleikum Signmark. Nokkur lög voru tekin og margir döff tóku undir.

Skemmtilegast er að segja frá því að saga Stieg Larsons „Loftkastalinn sem hrundi“ gerist einmitt í

Stokkhólmi og gaman var að ganga um svæðið sem lýst var í bókinni og upplifa svæðið.

Við styrkjum Félag heyrnarlausra

Reykjanes
Samkaup

Höfn
Þinney

Mosfellsbær
Ísfugl

Hvolsvöllur
Búaðföng

Akranes
Spölur

Vestmannaeyjar
Huginn ehf
Ísfélagið

Akureyri
Brynja
Hótel Kea
Höldur

Heyrnarlausir samkynhneigðir í gleðigöngu



Frá gleðigöngunni síðastliðið sumar. Mynd talið frá vinstri: Þórhallur Arnarson, Gunnar Jónsson, Uldis Ozola, Uldis Ozol, Guðrún Hafliðadóttir, Mahdi Beghenna, Ana Rita Gomes og Guðbjörn Sigurgeirsson.

Viðtalið tók: Kristinn Jón Bjarnason

Margir lesendur hafa eflaust tekið eftir atriði heyrnarlausra homma og lesbía í Gay Pride göngum eða Gleðigöngum undanfarinna ára. Gleðigangan er hápunktur og stolt Hinsegin daga hátíðarinnar.

Gleðiganga er árleg skrudganga sem er hluti af Gay pride hreyfingunni í borgum víðsvegar um heim, þó ekki á sama tíma. Hún fer t.d. fram sem hluti af Hinsegin dögum í Reykjavík. Hinsegin dagar skipuleggja gönguna og ráða alfarið hvaða atriði fá aðgang að henni. Gangan er hins vegar engu að síður sprottin úr grasrótinni og það eru einstaklingar og hópar sem móta og setja saman einstök atriði hennar.

Gleðigangan, Hinsegin dagar og allskonar uppákomur fara fram til að undirstrika sérstöðu homma og lesbía sem hafa barist fyrir því að verða sjálfsagður hluti af samfélaginu. Eftir mikinn og vandaðan undirbúning allt frá síðustu hátíð, fjölmenna allir sem vilja sýna samstöðu með málstað hinsegin fólks í fjörmikla og skrautlega gleðigöngu niður Laugaveg og endar á Arnarhóli þar sem er sérstök hátíðardagskrá í tilefni dagsins. Á síðustu árum hafa tugþúsundir Íslendinga lagt leið sína þangað til að berjast velskreytt göngufólkið augum.

Þórhallur Arnarson er formaður HLDI '94 sem eru samtök heyrnarlausra lesbía og homma. HLDI '94 er, er undirfélag í Félag heyrnarlausra

og Samtökum '78. Markmið samtakanna er að standa vörð um réttindi og baráttumál samkynhneigðra heyrnarlausra og skapa góðan vettvang fyrir félagslíf. HLDI '94 er mikilvægur vettvangur sem gefur fólki færi á að rjúfa einangrun og eiga félagslíf.

„Við byrjuðum fyrst að taka þátt í göngunni fyrir sex árum, og þá vorum við oftast tveir eða þrjú í göngunni. Nú í ár vorum við með stóran hóp, hvorki meira né minna en átta manns sem tóku þátt í gleðigöngunni“ segir Þórhallur.

Þórhallur segir einnig: „Á fyrstu árunum okkar gengum við niður Laugavegin. Það var svolítið erfitt fyrir suma að vera á háhæluðum skóm og ganga niður Laugavegin. Það má gera

ráð fyrir að sumir séu ekki vanir að vera á háhæluðum skóm nema í Gleðigöngum. Síðustu þrjú ár höfum staðið upp á vörubílspalli sem ekur niður Laugavegin. Það er mikil breyting til batnaðar. Við sjáum betur til fólks og fólk sér okkur betur. Við höfum mjög góða samvinnu innan hópsins og það styður okkur mjög mikið. Dagurinn er feyki skemmtilegur fyrir okkur og það er eftirminnilegast að vera á vörubíl og geta horft betur yfir fólkið og veifað til þeirra“.

„Gleðiganga Hinsegin daga er mikilvæg fyrir heyrnarlausra því þar sjá þeir að það er ekkert að óttast við að vera bæði heyrnarlaus og samkynhneigður“, segir Þórhallur og bætir við að þau vilja vera sýnileg og það sé ekkert til að skammast sín fyrir að vera heyrnarlaus og samkynhneigður.

Þórhallur segir að undirbúningur að gleðigöngunni hefjist einu ári fyrr. Þá kemur hópurinn saman og ræðir um þátttöku. Stundum er ekki sagt í hvaða búningi hver og einn ætlar að klæðast og kemur það oft skemmtilega á óvart. Árið 2008 ákváðu þau að gera undantekningu frá því og vera í regnbogalitum, þar sem sex þeirra klæddust í sitt hverjum litnum, t.d. var einn í rauðu, annar í gulu, þriðji í græn o.s.frv. Ekki er gert meira um veturinn, en snemma að sumri hefist undirbúningur af fullu krafti. Vörubíllinn er skreyttur að morgni gleðigöngunnar. Svo fara þátttakendur heim að mála og klæða sig. Svo er farið í gleðigönguna. Í lokin er komið á Lækjargötu þar sem gengið er frá vörubílnum og fylgst með skemmtiatriðum á Arnarhóli. Það er táknaðstúlkað og hefur verið það á síðustu árum. Svo förum við saman á veitingahús og fáum okkur að borða. Dagskráin í hópnum er mjög sveigjanleg og það er líka mjög góð samvinna. Margt er gert til skemmtunar og nú er HLDI komið á sautjanda ár og tíminn hefur verið ótrúlega fljótur að líða.

2005



Frá gleðigöngu árið 2005. Frá vinstri Rúnar Ingólfsson og Guðbjörn Sigurgeirsson.

2006



Frá gleðigöngu 2006. Frá vinstri; Guðbjörn Sigurgeirsson, Gunnar Jónsson, Rúnar Ingólfsson og Guðrún Hafliðadóttir.

2007



Frá gleðigöngu árið 2007. Frá vinstri Gunnar Jónsson, Uldis Ozola, Már Ólafsson, Guðbjörn Sigurgeirsson, Guðrún Hafliðadóttir og Rúnar Ingólfsson.

2008



Frá Gleðigöngunni 2008. Frá vinstri; Guðbjörn Sigurgeirsson, Már Ólafsson, Gunnar Jónsson, Uldis Ozols, Selma Kaldalóns og Robert Gavrilescu.

2009



Frá gleðigöngu árið 2009. Frá vinstri Gunnar Jónsson og Guðbjörn Sigurgeirsson.

2010



Frá gleðigöngu síðastliðið sumar. Kolbrún Völkudóttir ásamt dóttur sinni Viktoríu (Ljós. Adam Skrzyszewski).

ORKU KUBBUR

Fjöl Kornabrauð holl og góð næring í dagsins önn



Gæða
BAKSTUR

Gæðabakstur / Ömmubakstur ehf | Lynghúsi 7 | 110 Reykjavík | Sími: 545 7000

Uglaan viska í fjármálum

Uglaan er fræðsluáttak Arion banka sem unnið er í samstarfi við Stofnun um fjármálalæsi. Mikið er lagt upp úr hagnýtum upplýsingum á vef bankans sem og námskeiðum víða um land.

Á þeim námskeiðum sem haldin eru í Borgartúni **er boðið upp á táknmalstúlkun.**


Það eru allir velkomnir á námskeið Uglaunnar. Aðgangur er ókeypis og boðið er upp á veitingar.



Kynntu þér málið á arionbanki.is/uglaan

Lífeyrishringur

Lífeyrisárið



Lífeyrishringurinn, sem sýndur er á myndinni, er vegvísir fyrir lífeyrisþega hjá Tryggingastofnun. Honum er m.a. ætlað að auðvelda lífeyrisþegum skilning á þeirri hringrás sem fer í gang þegar sótt er um lífeyri hjá Tryggingastofnun.

Eftir að einstaklingur hefur sótt um lífeyri hjá Tryggingastofnun og fyllt út nákvæma tekjuáætlun eru greiðslur til viðkomandi reiknaðar út. Lífeyrisþegi ber ábyrgð á réttum upplýsingum í tekjuáætlun. Þess ber að geta að samanburður á tekjuáætlun og

staðgreiðsluskrá fer fram allt árið. Í júlí ár hvert fer fram endurreikningur og uppgjör vegna fyrra árs. Í ágúst er niðurstaða komin úr endurreikningnum og fá lífeyrisþegar ýmist inneignir greiddar út eða ofgreiðsla er innheimt. Flestir eru að fá réttar greiðslur. Um áramót byrjar hringurinn aftur, tillaga að tekjuáætlun og greiðsluáætlun er send lífeyrisþegum fyrir komandi ár og síðan koll af kolli. Allt árið fer fram eftirlit með að réttar greiðslur berist í réttar hendur.

Lífeyrishringurinn

verður á vef Tryggingastofnunar www.tr.is með nánari útskýringum um hvert tímabil fyrir sig.

Vegna nýlegra fréttu af tülkaþjónustu vill Tryggingastofnun koma eftirfarandi á framfæri.

Tryggingastofnun leggur áherslu á að tryggja jafnræði þeirra sem þurfa á þjónustu stofnunarinnar að halda. Stofnunin hefur leitast við að sinna upplýsinga- og leiðbeiningarhlutverki sínu með öflugri heimasíðu þar sem m.a. eru upplýsingar á táknmáli.

Stjórn Tryggingastofnunar mun beita sér fyrir því að fyrirkomulagi greiðslna vegna tülkaþjónustu verði breytt og því komið í faglegri farveg.

Þar til nýrri skipan verður komið á mun Tryggingastofnun almennt greiða fyrir táknmálstülkun fyrir viðskiptavini sína.

Jóladagatal Sprotanna á táknmáli í fyrsta sinn

Jóladagatal Sprotanna hófst þriðjudaginn 1. desember og birtist spennandi framhaldssaga um ævintýri Sprotu og féлага á hverjum degi fram að jólum á vefnum sproti.is. Í fyrsta sinn var bryddað upp á þeirri nýbreytni að birta jóladagatalið á táknmáli. Það er gert í tilefni af stuðningi Landsbankans við Félag heyrnarlausra sem fagnaði fimmtíu ára afmæli sínu á árinu 2010.

Sagan í jóladagatalinu heitir Leyndarmál Destu prinsessu. Í henni fóru Sprotarnir í spennandi langferð og lentu í stórkostlegu ævintýri. Sagan og lagatextar voru eftir Felix Bergsson en Kári Gunnarsson sá um myndskreytingar. Lagahöfundur var Jón Ólafsson en Felix Bergsson las.

Fyrstu kaflarnir úr sögunni voru frumfluttir 30. nóvember sl. í Tjarnarbíói að viðstöddum börnum úr leikskólunum Sólborg, Hamraborg og Múlaborg.

Þar flutti Felix Bergsson sögu sína og Sproti sjálfur brá á leik. Síðast en ekki síst kom Tinna táknmálsálfur í óvænta en ánægjulega heimsókn og skemmti börnum með leik og táknmáli.

Félag heyrnarlausra 50 ára Félag heyrnarlausra fagnaði fimmtíu ára afmæli sínu í febrúar 2010. Af því tilefni styrkti Landsbankinn félagið um 1,6 milljónir króna. Hluti af styrknum var sérstaklega eyrnamerkur félagsstarfi á vegum yngsta hóps heyrnarlausra sem ber heitið Litlir puttalingar. Samhliða var ákveðið að birta jóladagatal Sprotanna framvegis á táknmáli.

Sprotarnir Sprotarnir eru talsmenn barnaþjónustu Landsbankans. Þeir eru alveg sprúðlandi skemmtilegir og ekki síður skynsamir í fjármálum. Á vef Sprotanna, sproti.is, má fylgjast með spennandi ævintýraheim Sprotanna og kynnast þeim betur.



Felix Bergsson og Tinna táknmálsálfur (Kolbrún Völkudóttir) bregða á leik í Tjarnarbíói.



Felix Bergsson og Gerður Sjöfn Óskarsdóttir frumflytja kafla úr sögu sem Felix skrifaði sérstaklega fyrir jóladagatal Sprotanna 2010. Frumflutningurinn fór fram í Tjarnarbíói að viðstöddum börnum úr þremur leikskólum, Sólborg, Hamraborg og Múlaborg.



Frá flutningi á jóladagatali Sprotanna í Tjarnarbíói.

Landsmennt skapar tækifæri



- kynntu þér möguleikana

- Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni
- Verkalýðsfélögin sjá um afgreiðslu einstaklingsstyrkja í umboði sjóðsins
- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun í fyrirtækjum



Landsmennt

Skeifan 8, 2. hæð • 108 Reykjavík • Sími: 5991450 • Fax: 5991401
www.landsmennt.is • landsmennt@landsmennt.is

Menntun er málið

- kynntu þér réttindi þín!



- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun innan stofnana ríkisins á landsbyggðinni
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna
- Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélagin um afgreiðslu þeirra í umboði Ríkismenntar



Ríkismennt

Skeifan 8, 2. hæð • 108 Reykjavík • sími 599 1450
fax: 599 1401 • www.rikismennt.is • rikismennt@rikismennt.is

Ríkismennt SGS er þróunar-og símenntunarsjóður starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan aðildarféлага Starfsgreinasambands Íslands (SGS)

Sveitamennt

Sveitamennt er starfsmenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarféлага Starfsgreinasambands Íslands

styrkur þinn til náms

- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun innan sveitarfélaga og stofnana þeirra á landsbyggðinni
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna
- Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélagin um afgreiðslu þeirra í umboði Sveitamenntar



Sveitamennt

Skeifan 8, 2. hæð • 108 Reykjavík • Sími: 5991450 • Fax: 5991401
www.sveitamennt.is • sveitamennt@sveitamennt.is

HVER ER EFTIRLÆTIS TALAN ÞÍN?

Leyfðu þér smá Lottó!

